

Fréttapistill frá forseta Íslands

11. apríl 2020

Gleðilega páska, kæru landsmenn. Ég vona að þið njótið öll páskahelgarinnar þótt veiran varpi skugga sínum enn yfir samfélagið. Nú hafa átta látist af völdum hennar hér á landi. Ástvinum þeirra votta ég innilega samúð.

Sem fyrr ber þessi vikupistill merki okkar mæðusömu daga. Kl. 19:40 á morgun, páskadag, flyt ég ávarp í Ríkisútvarpinu, í sjónvarpi og á báðum rásum útvarpsins. Einnig verður hægt að horfa á ávarpið og lesa það á heimasíðu forsetaembættisins, www.forseti.is. Þá verður ávarpið birt þar í enskri og pólskri þýðingu.

Í vikunni, sem er að líða, barst mér fallett skeyti frá Færeyjum. Bárður á Steig Nielsen, lögmaður Færeyinga (forsætisráðherra), sendi mér og íslensku þjóðinni hlýjar óskir og góðar kveðjur. Á föstudaginn birtist jafnframt í Lögbergi-Heimskringlu, blaði Vestur-Íslendinga, kveðja mín til þeirra og má lesa hana hér: <https://www.forseti.is/.../2020-04-10-kve%C3%Boja-til.../>

Í ljósi þess að öllum fundum og móttökum hér á Bessastöðum þurfti að fresta eða fella niður var ákveðið að sæta lagi og ráðast í nauðsynlegar viðgerðir á sal staðarins. Hér að neðan má sjá óvenjulega mynd af honum. Salurinn var reistur í aðdraganda lýðveldisstofnunar. Menn hófust víst handa um miðjan febrúar 1944 og var smíðinni lokið laust fyrir hátíðardaginn mikla, 17. júní það ár. Í áranna rás hefur salurinn látið á sjá. Nú verður gólf meðal annars lagað og hjólastólalyfta sett við blómaskálann svonefnda, sem tengir salinn og Bessastaðastofu, þannig að allir komist þar hæglega leiðar sinnar.

Hér að neðan læt ég líka fylgja nokkrar myndir úr gönguferðum síðustu daga. Vorið er á næsta leiti. Hross una hag sínum við Garðakirkju og úti á Álftanesi er vorboðinn kominn, margæsin hópum saman, tjaldur og lóa. Gaman hefur verið að mæta fólki á göngu hér á nesinu. Langflestir virða tveggja metra mannhelgina sem nú gildir og þeir, sem á því hafa tök, nýta sér greinilega þá hressingu sem felst í því að vera utandyra í fallegu umhverfi.

Ég ítreka óskir mínar til ykkar um gleðilega páska.